

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 28. maí 2015
UST201505-150/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka í Bugamel. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða áframhaldandi efnistöku í námunni í Bugamel. Þegar er búið að taka um 200.000 m³ af mól úr námunni á 3,8 ha stóru svæði. Ráðgert er að taka um 75.000 m³ í viðbót á um eins hektara stóru svæði.

Umhverfisstofnun hefur gefið umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á umræddum stað í bréfi dags. 27. janúar 2010. Þar taldi stofnunin óvarlegt að stækka námuna til norðurs vegna þess að náman var talin vera innan svæðis nr. 138 á náttúruminjaskrá. Samkvæmt nýrri afmörkun svæðis nr. 138 á náttúruminjaskrá sbr. auglýsingu nr. 619/2011 í B-deild Stjórnartíðinda er verndarsvæðið aðeins við norðurmörk efnistökusvæðisins.

Hér er um framhald efnistöku að ræða í námu sem opin hefur verið um árabíl. Einungis verður unnið út frá núverandi efnistökusvæði og er ráðgert að sinna frágangi samhliða efnistökunni. Fyrirhugað efnistökusvæði er einungis um fimmti hluti þess svæðis sem þegar hefur verið raskað. Má ætla að helstu áhrif efnistöku á þessum stað séu þegar komin fram.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri